

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, iðnaðarsvæði í Brautarholti.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 14. júlí 2011 breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, sem samþykkt var í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 5. apríl 2011. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst 28. apríl 2011.

Í breytingunni felst að 2.300 m² iðnaðarsvæði fyrir rotþró/hreinsivirki í Brautarholti er fært um 180 m til suðurs inn á svæði sem var skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota (O1). Gert er ráð fyrir opnu svæði til sérstakra nota þar sem iðnaðarsvæðið var áður. Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 14. júlí 2011.

Hafdís Hafliðadóttir.

Erna Hrönn Geirsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 28. júlí 2011